



## Starfsáætlun Leikskólans Bjarkatúns Skólaárið 2020-2021

---



## Leikskólinn

Leikskólinn Bjarkatún er tveggja deilda leikskóli sem starfar eftir Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Í skólanum eru tvær deildir, Krummadeild þar sem eru börn fædd 2018 og 2019 og Krúdeild þar sem eru nemendur fæddir 2015-2017. Skólinn heyrir undir fræðslu- og jafnréttisnefnd Djúpavogshrepps.

Leikskólinn Bjarkatún hóf starfsemi sína í grunnskólanum árið 1982 þá eingöngu sem sumarleikskóli. Þannig starfaði hann í nokkur sumur. Árið 1986 fékk leikskólinn húsnæði fyrir starfsemina og varð þá leikskóli opinn allt árið. Þetta húsnæði var gamalt íbúðarhús sem var breytt til að mæta þörfum leikskólans. Ýmist var boðið upp á vistun fyrir hádegi og/eða eftir hádegi. Árið 1999 var boðið upp á 9 tíma vistun allan daginn. Leikskólinn flutti í nýtt húsnæði 22. október 2005. Það húsnæði gerir ráð fyrir allt að 37 börnum frá eins árs aldri til sex ára. Leikskólinn er tveggja deilda með sameiginlegan sal og listakrók. Gott útsvæði er fyrir börnin auk þess sem leikskólinn er staðsettur í nálægð við ósnortna náttúru.

Haustið 2020 eru 29 börn í leikskólanum og 12 starfsmenn í 11 stöðugildum.

### Starfsfólk:

Auður Ágústsdóttir, leiðbeinandi Krummadeild	<a href="mailto:hliðarhus@djupivogur.is">hliðarhus@djupivogur.is</a>
Bergþóra Birgisdóttir, matráður	<a href="mailto:bergthora@djupivogur.is">bergthora@djupivogur.is</a>
Guðrún S. Sigurðardóttir, skólastjóri.	<a href="mailto:gudrun@djupivogur.is">gudrun@djupivogur.is</a>
Gunnlaug Fía Aradóttir, leiðbeinandi Krúdeild	<a href="mailto:varda8@simnet.is">varda8@simnet.is</a>
Hugrún M. Jónsdóttir, sérkennslustjóri	<a href="mailto:hugrun@djupivogur.is">hugrun@djupivogur.is</a>
Hrönn Ásbjörnsdóttir, leiðbeinandi Krúdeild	<a href="mailto:hronn62@gmail.com">hronn62@gmail.com</a>
Ingibjörg Stefánsdóttir, leiðbeinandi Krummadeild	<a href="mailto:imbast@simnet.is">imbast@simnet.is</a>
Irena Meslo, skólaliði og leiðbeinandi Krummadeild	<a href="mailto:meslo@me.com">meslo@me.com</a>
Ragnhildur Kristjánsdóttir, deildarstj Krummad.	<a href="mailto:kristjansdottir-89@hotmail.com">kristjansdottir-89@hotmail.com</a>
Viktoría Vitviska, kennari Krúdeild	<a href="mailto:v-vetkina@gmail.ru">v-vetkina@gmail.ru</a>
Þórdís Sigurðard., deildarstj Krúdeildar.	<a href="mailto:thordis@djupivogur.is">thordis@djupivogur.is</a>

### Heimilisfang

Bjarkatún, Hammersminni 15 b - sími 470-8715 og 470-8720

Heimasíða leikskólans; [bjarkatun.leikskolinn.is](http://bjarkatun.leikskolinn.is)

Netfang leikskólans: [bjarkatun@djupivogur.is](mailto:bjarkatun@djupivogur.is), [gudrun@djupivogur.is](mailto:gudrun@djupivogur.is)

Opnunartími leikskólans er frá 7:45 til 16:15

## **Formáli**

Samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Aðalnámskrá leikskóla er sett af menntamálaráðherra með sama hætti og reglugerðir og skulu leikskólakennarar og rekstraraðili taka mið af henni. Hún lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf.

Leikskólauppeldi er uppeldi sem er góð viðbót við heimilisuppeldi en kemur aldrei í staðinn fyrir það. Foreldrar eru óumdeilanlega aðaluppallendur barna sinna og bera meginábyrgð á uppeldinu.

## **Fræðslunefnd**

Fræðslunefnd Djúpavogshrepps fjallar um málefni skólans. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að:

- Sjá til þess að öll börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu við þær aðstæður sem lög gera ráð fyrir
- Sjá um að skólanum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu í samræmi við lög
- Sjá um að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar útbúnaður
- Gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur
- Fara yfir reglur sem leikskólinn setur sér með börn, foreldra og starfsmenn í huga

## **Hugmyndafræðin og áherslur Leikskólans Bjarkatúns**

Í leikskólanum Bjarkatúni leggjum við mikið upp úr samkennd og samvinnu. Mikið er lagt upp úr því að kenna nemendum um heimabygðina sína og nánasta umhverfi.

Í júní 2018 lauk formlega innleiðing Cittaslow í skólana á Djúpavogi. Djúpavogshreppur er eina sveitarfélagið á Íslandi sem er Cittaslow sveitarfélag. Þar sem við búum í Cittaslow bæ og erum að lifa eftir þeirri hugmyndafræði þá er verkefnið stanslaust í vinnslu og endurskoðunn.

Leikskólinn Bjarkatún er Grænfánaskóli og leggjum við mikla áherslu umhverfisfræðslu. Markmið verkefnsins er að auka umhverfismennt og menntun til sjálfbærni.

Leikskólinn Bjarkatún er að taka inn hugmyndafræðina Uppeldi til ábyrgðar og tekur sú vinna um 2 ár. Haustið 2019 fóru allir starfsmenn á námskeið sem var í samvinnu með grunnskólanum. Halda á áfram að innleiða hugmyndafræðina og munum við stefna á að vera með foreldrafræðslu næsta haust.

## **Innra mat**

Skólaárið 2014-2015 gekk Leikskólinn Bjarkatún til samstarfs við Skólapúlsinn.

Skólapúlsinn útvegar skólanum spurningalista sem lagðir eru fyrir starfsfólk og foreldra. Í vetur verður lagður spurningarlisti fyrir foreldra.

Skólapúlsinn sendir niðurstöður til skólans u.þ.b. 2-3 vikum eftir fyrirlögn. Niðurstöður eru teknar saman í sjálfsmatskýrslu sem gefin er út annað hvort ár, kynnt fyrir fræðslunefnd og sveitarstjórn auk þess sem hún er birt á heimasíðum leikskólans.

### **Ráðgjöf og samstarf við Skólaskrifstofu Austurlands**

Leikskólinn Bjarkatún hefur aðgang að ráðgjöf og þjónustu frá Skólaskrifstofu Austurlands á Reyðarfirði. Boðið er uppá þjónustu talmefnafræðings, sálfræðings, kennsluráðgjafa og fleira fagfólks. Gott samstarf hefur verið milli þessara aðila og hefur skólinn nýtt þjónustuna vel, bæði hvað varðar greiningar á börnum og fengið ráðleggingar. Bæði forráðamenn og starfsfólk skólans geta haft frumkvæði að því að leitað verði til skólaskrifstofunnar. Starfsmenn skólans hafa ekki samband við Skólaskrifstofu án samráðs við forráðamenn.

### **Austurlandslíkanið**

Veturinn 2018 var tekið upp nýtt fyrirkomulag svokallað Austurlandslíkanið sem kom í staðinn fyrir Félagsþjónustuna. Starfsmenn Austurlandslíkansins eru með fastan tíma á Djúpvoggi þar sem foreldrar og kennarar geta haft samband við þau. Gefið er út dagatal fyrir veturinn sem verður sett inn á heimasíðu leikskólans. Óski foreldri/forráðamaður eftir viðtali við starfsmenn Austurlandslíkansins er hægt að panta viðtalstíma á skrifstofu Djúpvogshrepps eða í gegnum leikskólastjóra.

Hægt er að ræða við starfsmenn Austurlandslíkansins í leikskólanum eða á skrifstofu Djúpvogshrepps.

Starfsfólk skólans fer eftir lögum um barnavernd. Þann 18. desember 2006 voru gefnar út verklagsreglur um tilkynningarskyldu starfsmanna leik- grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefndar. Mun starfsfólk skólans ætíð hafa þær reglur í heiðri.

### **Heilbrigðisstofnun Austurlands**

Djúpvogsskóli er í samstarfið við HSA. Haft er samband við heilsugæsluna ef meiðsli eða veikindi koma upp. Ef barn slasast þá er hringt í foreldra og þeir annaðhvort beðnir að sækja barnið og fara með út á heilsugæslu eða hitta starfsmann leikskólans með barninu út á heilsugæslu. Þá hefur starfsfólk skólans aðgang að læknum og hjúkrunarfólki varðandi ýmsar upplýsingar um heilbrigði.

Starfsfólk skráir öll veikindi. Öll slys eru skráð á slysaskráningablað sem foreldrar lesa og skrifa undir ásamt skólastjóra.

### **Sjóvá**

Öll börn í Leikskólanum Bjarkatúni eru slysatryggð hjá Sjóvá.

Tryggingin gildir í tengslum við alla viðveru í skólanum, á skólatíma og í ferðum á vegum skólans. Minnt er á að nemendur eiga ekki að koma með verðmæti að heiman, eða peninga því skólinn ber ekki ábyrgð á slíkum eigum ef þær skemmast eða tapast.

## **Brunavarnir Austurlands**

Leikskólinn er í samstarfi við Brunavarnir Austurlands. Leikskólinn tekur þátt í verkefnum Logi og Glóð. Slökkviðisstjóri kemur einu sinni á ári og tekur leikskólann í úttekt vegna brunnavarna.

## **Heilbrigðiseftirlitið og Vinnueftirlitið**

Heilbrigðiseftirlitið og Vinnueftirlitið eru eftirlitsaðilar sem heimsækja skólana reglulega. Unnið er eftir þeim úrbótatillögum sem settar eru fram. Öryggisfulltrúi er Auður Ágústsdóttir og öryggisráðgjafi er Hugufríð Malmquist Jónsdóttir.

## **Skóladagatal**

Skóladagatal leikskólans fyrir skólaárið 2020-2021 fylgir starfsáætluninni til yfirferðar á fundi fræðslu- og jafnréttisnefndar. Farið var yfir skóladagatalið með starfsmönnum og stjórn foreldrafélagsins og það sett á heimasíðu skólans.

## **Starfsmannasamtöl**

Starfsmannasamtöl fara fram ár hvert í mars / apríl. Þar er farið yfir væntingar starfsfólks fyrir næsta vetur. Hvernig síðasti vetur gekk. Hvaða óskir um símenntun starfsmaðurinn hefur og líðan starfsmannsins.

## **Grænfánaskóli**

Grænfáninn var dreginn að húni 10. nóvember 2011 við leikskólann. Áfram verður sinnt stöðugu eftirliti og endurmati á umhverfismálum í skólanum og nemendur fræddir um umhverfismál. Flokkun og endurvinnsla eru mikilvægur hluti af skólastarfinu og taka nemendur þátt í því frá 2 ára aldri.

Verkefnastjóri er Þórdís Sigurðardóttir.

Leikskólinn Bjarkatún fékk Grænfánann afhentan í fjórða sinn 13. desember 2019. Stefnt er að því að ráðið fundi einu sinni á önn. Hlutverk ráðsins er að tryggja að almennri umhverfissvinnu sé sinnt í skólanum.

Þórdís Sigurðardóttir er verkefnastjóri en með í ráðinu er Guðrún S. Sigurðardóttir leikskólastjóri og Auður Ágústsdóttir, leiðbeinandi á Krummadeild. Fyrir hönd foreldra er Helga Rún Guðjónsdóttir. Auk þess eru elstu nemendurnir í leikskólanum í umhverfisráðinu. Elstu nemendurnir kynna svo hvað þau lærðu á umhverfisfundinum fyrir Kríudeild í samveru.

## **Eineltisráð**

Í leikskólanum Bjarkatúni er eineltisráð, í því eru Guðrún S. Sigurðardóttir leikskólastjóri, Þórdís Sigurðardóttir staðgengill leikskólastjóra og Ragnhildur Kristjánsdóttir deildarstjóri Krummadeildar. Ráðið fundar 1 x á önn og skilar fundargerð sem sett er inn á heimasíðu leikskólans.

Commented [L1]:

## Áfallaráð

Ráðið hefur fundað í upphafi hvers skólaárs og er farið yfir áfallaáætlun skólans auk þess sem hún er kynnt á fyrsta starfsmannafundi haustsins. Þar fyrir utan funda ráðin þegar á þarf að halda. Í þeim eru: Guðrún S. Sigurðardóttir, Þórdís Sigurðardóttir, Ragnhildur Kristjánsdóttir og Hugrún M. Jónsdóttir.

## Foreldrafélagið

Gott foreldrasamstarf er mikilvægur þáttur í starfsemi hvers skóla og reynum við að leggja okkur fram við að koma til móts við þarfir foreldra eins og mögulegt er en sameiginlegt markmið er fyrst og fremst hagur hvers barns.

Í stjórn foreldraráðs veturinn 2019-2020 voru Hera Líf Liljudóttir formaður, Ásdís Heiðdal gjaldkeri og Hafdís Reynisdóttir ritari. Tengiliður frá leikskólanum er Gunnlaug Fía Aradóttir. Það þurfti að fresta aðalfundi fram á haust út af samkomubanni og mun því ekki koma í ljós hverjir eru í nýrri nefnd fyrir í haust.

Leikskólastjóri starfar með ráðinu þegar þess er óskað.

Foreldrafélagið stendur fyrir eftirfarandi viðburðum:

1. Jólafondur í leikskólanum
2. Jólagjöf fyrir leikskólabörn
3. Sumargjöf fyrir leikskólabörn
4. Sameiginleg sveitaferð hjá leik- og grunnskóla
5. Sumargleði leikskólans

Auk þess eru ýmsar fjáraflanir, eftir þörfum hverju sinni.

## Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári einu sinni að hausti og einu sinni að vori. Deildarstjórar eru með foreldrafundi fyrir öll börn um miðjan október þar sem farið er yfir hvað verður gert um veturinn og hvernig staða barnsins er og áherslur fyrir veturinn. Í mars eru foreldrafundir fyrir öll börn í leikskólanum þar sem farið er yfir hvernig veturinn gekk.

Fyrir börn í sérkennslu mættir sérkennslustjóri í foreldraviðtalið að hausti og leggur línur fyrir veturinn. Foreldrar geta alltaf óskað eftir viðtali þegar þeir vilja. Gagnkvæmur trúnaður milli foreldra og starfsfólks er forsenda þess að barninu líði vel. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í skólanum eru nauðsynlegar. Mikilvægt er að foreldrar láti vita þegar um breytingar er að ræða á högum barns.

## Samstarf grunn- og leikskólans

Elstu nemendur leikskólans og yngstu bekkir grunnskólans skiptast á heimsóknum. Kennarar „brúa bilið“ milli skólastíga með þessum heimsóknum. Leik- og grunnskólinn gerðu áætlun sem er inni á heimasíðum skólanna.

## **Skólaakstur**

Nemendum úr dreifbýli er keyrt í skólann að morgni og þeir sóttir kl. 15:00. Nemendur leikskólans, sem búa í akstursleið bílsins og náð hafa þriggja ára aldri, geta fengið að sitja í bílnum, sé nægilegt pláss. Foreldrar þeirra sjá fyrir bílstólum. Ef veður eru vond eða engin grunnskólabörn ætla að mæta í skólann keyrir bíllinn ekki. Reglur um skólaakstur eru inni á heimasíðu leikskólans bjarkatun.leikskólinn.is.

Nemendum ber að hlýða bílstjórum og ganga vel um bílinn. Öll forföll skal tilkynna tímanlega í síma: 661-3913 Jóhann.

## **Fundir og undirbúningur**

### **Starfsmannafundir**

Verða haldnir aðra hvora viku á miðvikudögum frá 16:15 – 17:15. Skráðar eru fundargerðir.

### **Deildarstjórafundir**

Deildarstjórafundir verða haldnir einu sinni í viku á fimmtudögum milli kl. 12:00 og 13:00. Á þeim er farið yfir þau málefni sem þarf. Skráðar eru fundargerðir á deildarstjórafundum.

### **Deildarfundir**

Deildarfundir eru haldnir einu sinni í viku. Krummadeild er á miðvikudögum frá kl.9-9:30 og Kríudeild á þriðjudögum kl.9:00-9:30. Deildarstjórar skipuleggja þessa fundi og stjórna þeim. Skólastjóri situr að jafnaði ekki þessa fundi. Aðrir starfsmenn sjá um gæslu á meðan. Skráðar eru fundargerðir á deildarfundum.

### **Grænfánafundir**

Grænfánafundir eru einu sinni á önn. Á síðasta ári voru áherslur rafmagn og loftlagsbreytingar. Á haustfundinum verða ákveðnar áherslur næsta árs. Tjaldar segja frá í næstu samveru hverjar áherslurnar eru og hvað var rætt á fundinum. Allt starfsfólk og öll börn í leikskólanum Bjarkatúni vinna sameiginlega að markmiðum Grænfánans.

### **Undirbúningstímar**

Deildarstjórar fá 5 klukkustundir á viku og er inn í því 1 klukkutími sem fer í Deildarstjórafund. Leikskólakennarar fá 4 klukkustund á viku þar sem starfið er undirbúið og unnið fyrir deildina. Leiðbeinendur fá 2 klukkustundir á viku, þar undirbúa þeir starfið og vinna fyrir deildina það sem þarf.

### **Skipulags- og námskeiðsdagar**

Eru sex á ári og er leikskólinn lokaður þá daga. Á þessum dögum er Haustþing, undirbúningur fyrir foreldrafundi, skyndihjálp, námskeið o.fl.

## Að byrja í leikskóla

Það er einstaklingsbundið hve langan tíma aðlögun tekur. Aðlögun er sá tími sem foreldrar eru með börnunum sínum í upphafi dvalar. Þar er hornsteinn lagður að öryggi barnanna og samstarfi heimilis og leikskóla. Mikilvægt er að góð samvinna takist strax milli foreldra og starfsfólks. Þegar barnið byrjar í leikskóla er nauðsynlegt að hafa í huga þær breytingar sem það hefur í för með sér fyrir barnið. Það þarf að aðlagast nýju umhverfi, kynnast starfsfólki og börnum sem fyrir eru, læra að vera í hóp, venjast dagskipulaginu o.fl. . Hafa skal í huga að börn eru mjög ólík og því engin ein aðlögun sem gildir fyrir alla. Það er því alltaf einstaklingsbundið hvernig aðlögun gengur fyrir sig. Börnin eru aðlöguð með þátttöku aðlögun.

Við hvetjum foreldra til þess að nýta tímann á meðan aðlögun stendur til að kynnast starfsemi leikskólans sem best. Foreldrar fá sent bréf frá skólastjóra um að barnið hafi fengið pláss í skólanum. Foreldrar staðfesta vistun hjá skólastjóra.

## Deildir leikskólans

Á leikskólanum verða tvær deildir veturinn 2020-2021 Krummadeild og Krúdeild.

Á **Krummadeild** eru eins og tveggja ára gömul börn. Samtals eru 3 börn fædd 2018 og 6 börn fætt 2019. Skipulegt starf er frá kl.9:00-9:30 fyrir 2018 árganginn.

Á **Krúdeild** eru 10 börn fædd 2015, 2 börn fædd 2016 og 8 börn fædd 2017. Samtals 20 börn fædd 2015 – 2017. Skipulagt starf er frá kl.9:00 – 9:50.

## Hópastarf

Í hópastarfi er lögð áhersla á að æfa nemendur í tillitsemi og rækta vináttu á milli félaganna í hópnum. Börnunum á hvorri deild er skipt í hópa sem eru eins aldurshreindir og mögulegt er.

Hópastarfið rúllar á tveimur vikum í annari vikunni er það 3 sinnum, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga. Og í hinni vikunni á þriðjudögum og fimmtudögum. Í hópastarfi er eftirfarandi;

### Listakrökur

Í listakrök eru börnin að mála með allskonar málningu, líma, klippa og búa til hluti. Í vetur ætlum við að vinna með efnivið sem við finnum í náttúrunni og verðlaust efni.

### Einingakubbar/Holukubbar

Kubbastarf er til skiptis í holukubbum og einingakubbum. Unnið er út frá hugmyndafræði einingakubbanna þar sem börnin æfast í rökhugsun og stærðfræðilegum skilningi. Félagsþroski eflist í formi samskipta og samvinnu.

### Málörvun

Í málörvun vinnum við út frá bókinni Lubbi finnur málbein. Unnin eru verkefni sem efla orðaforða og hljóðvitund nemandans. Notuð eru verkefni úr bókunum Markviss málörvun, Ljáuðu mér eyra, Lubbi finnur málbein og Tölum saman.



### Hreyfing

Í markvissri hreyfipjálfun eflist alhliða þroski barnsins. Barnið öðlast betri líkamsvitund og góð líkamleg færni leiðir af sér ánægðara barn. Markviss hreyfipjálfun hefur líka áhrif á málþroska og málskilning barna og þar með eykst félagsfærni og leikgleði. Lögð verður áhersla á að kenna börnunum “gömlu góðu leikina.”

### Numicon

Numicon veitir börnum á leikskólaaldri góðan undirbúning í að skilja stærðfræði og eykur stærðfræðipækkingu þeirra. Auk plastkubba o.fl. þá fylgir settinu myndskreytt kennarabók sem útskýrir stærðfræðihugmyndir er mæta barninu á þessu mikilvæga stigi þess í að skilja stærðfræði.

### Val

Val er einu sinni á dag, þjónn dagsins fær að ákveða hvað er í vali. Val byrjar alltaf á valfundi þar sem hvert barn velur sér leiksvæði. Mismunandi leikefni er í boði hverju sinni..

### Samvera

Samverustundir eru tvær yfir daginn, fyrsta samveran fer í að draga þjón dagsins og fara yfir daginn og veðrið. Í annarri samverunni er ýmist lesin bók, sögugrunnur eða sungið, sú stund er fyrir hádegismat. Þjónninn setur upp valið. Í öllum samverum gefst líka tími til að spjalla saman um daginn og veginn.

### Tjaldastarf

Er undirbúningur elstu nemenda fyrir grunnskólagönguna. Í þessum undirbúningstímum eru þau að læra bókstafi, stærðfræði og lífsleikni. Gott samstarf er milli grunnskólans og leikskólans. Farið er í reglulegar heimsóknir milli skólanna og börnin fá námsefni sem undirbýr þau fyrir grunnskólagönguna.

### Sol

Sol þýðir spjallað og leikið og er bók sem er ætluð leikskólakennurum og þeim sem starfa í leikskólum. Í henni eru hugmyndir og tillögur að leikjum til að styrkja og efla ákveðna þætti málþroska, þetta eru tvær bækur 0-3 ára og 2-9 ára. Leikirnir henta öllum börnum, þeim sem hafa íslensku að móðurmáli, eru tvítyngd eða fjöltyngd, eru fljót til máls, sein til máls eða hafa röskun í máli. Hóparnir eru aldurskiptir og fer hver hópur einu sinni í viku í Sol.

### Grend

Í Grend lærum við um nærumhverfið okkar, farið verður í vettvangsferðum um nágrenni leikskólans þar sem áhersla verður lögð á náttúruna og umhverfið. Við förum í og skoðum húsin okkar en einnig verða skipulagðar heimsóknir í stofnanir og fyrirtæki á Djúpavogi. Í Grend fer fram fjölbreytt nám um nær umhverfið, hreyfing og uppgötvunarnám. Grend er ekki fast inni í vetrardagskránni heldur nýtum við veðrið þegar það er gott. Grend er fast á sumardagskránni.

## Dagsskipulag leikskólans

Starfsfólk leikskólans ákveður dagsskipulag deildanna en það er síðan útfært út frá aldri barnanna. Það er mjög mikilvægt að foreldrar taki mið af skipulaginu þegar komið er með barnið í skólann. Auðveldara er fyrir barn að koma í leikskólann áður en starf hefst heldur en inn í mitt starf og þegar börn eru komin í leik. Skipulagt starf í leikskólanum er milli 9:00 og 12:00 á hverjum degi. Það veitir barni öryggi að koma alltaf í leikskólann á sama tíma, hvern dag. Ekki er tekið á móti börnum milli 9:00 og 10:30 nema sérstakar ástæður liggi að baki.

### Skipulag dagsins:

7:45-8:00	Húsið opnar, tekið á móti börnum, róleg stund
8:15-8:45	Morgunverður
8:45-9:00	Samverustund
9:00-9:45	Hópastarf/val
9:50-10:00	Ávaxtatími
9:50 -11:00	Val / útivera hjá Krummadeild
11:10-11:30	Samvera
11:30-12:00	Hádegismatur
12:00- 12:30	Hvíld og Tjaldastarf
12:30 – 14:10	Útivera
14:30-15:00	Síðdegishressing
15:00-16:00	Leikur inni á deild
16:00-16:15	Skilastund - leikskólinn lokar

### **Morgunverður**

Börnin sem eru komin klukkan 8:15 borða öll á sama tíma. Þau sem koma eftir það, borða þegar þau koma. Morgunverður fer inn í eldhús kl. 8:45 og því þurfa börnin að vera mætt í leikskólann í **síðasta lagi 8:35**, ætli þau að borða morgunverð.

### **Ávaxtatími**

Börnin fá ávexti klukkan 9:40 á Krummadeild en klukkan 10:00 á Kríudeild

### **Hádegisverður**

Lögð er áhersla á hollan og góðan hádegisverð. Boðið er uppá grænmeti með hverri máltíð og ávexti á eftir. Boðið er upp á vatn með öllum mat.

### **Útivera**

Mikil áhersla er lögð á útiveru og frjálstan leik þar. Nemendur fara út a.m.k. einu sinni á dag og stundum tvisvar.

### Frjáls leikur

Leikurinn er lífstjáning barnsins og í gegnum hann vinnur barnið með reynslu sína og hugmyndir. Leikurinn er því mikilvægasta náms- og þroskaleiðin. Við leggjum áherslu á að umhverfi, aðbúnaður og leikföng hvetji til leikja af öllu tagi. Hlutverk hins fullorðna í frjálsa leiknum er að fylgjast með, vera til staða og hjálpa börnunum að læra og tileinka sér helstu samskiptareglur sem gilda í leikskólanum og lífinu sjálfu.

### Hvöld

Öll börnin fara í hvöld nema elsti árgangurinn. Börnin leggjast niður á dýnur og hlusta á sögur og ævintýri, sum sofna en önnur hlusta á söguna og fara svo fram. Við leggjum áherslu á að börn á eldri árgangi fara inn í hvöldina en þau yngri hafa val um að sofa inni eða í vagni sem foreldrar koma með. Elsti árgangurinn fer inn í sérkennsluherbergi þar sem þeim er boðið upp á Tjaldastarf eða rólegt starf .

**Í öllu starfi leikskólans leggjum við áherslu á samvinnu, vináttu, æfum kurteisi og þolinmæði.**

**Starfsfólk Bjarkatúns hefur kinnverskt máltæki að leiðarljósi í öllu starfi skólans:**

**Segðu mér það, ég gleymi því.**

**Sýndu mér það, ég man það.**

**Leyfðu mér að fást við það, þá skil ég það**

## **Starfið í leikskólanum 2020-2021**

### **Skóli byrjar 18. ágúst**

Leikskóli opnar eftir sumarfrí. Nýir nemendur koma í aðlögun.

### **Berjatínsla 2. september**

Allir nemendur fara ásamt starfsfólki í berjamó. Við fáum svo skyr og ber í hádegismatinn.

### **Foreldrafundur 6. október**

Foreldrafundur fyrir foreldra barna í leikskólanum. Fyrst sameiginlegt inni í sal síðan er farið inn á deildar þar sem foreldrar geta fræðst um starfið hjá deildarstjórum og starfsfólki.

### **Vetrarstarf hefst 22. september**

Formlegt vetrarstarf hefst í skólanum. Nemendur sinna skipulögðu hópastarfi.

### **Sérkennsluviðtal 25. – 27. september.**

Foreldrar eru boðaðir í viðtal við sérkennslustjóra þar sem verður farið yfir áherslur fyrir veturinn og hvernig barnið er statt núna.

### **Foreldraviðtöl 12.-16. október.**

Foreldrar eru boðaðir í viðtal. Þeir mæta síðan og hitta deildarstjóra og ræða um barnið. Skólastjóri verður einnig til viðtals, þessa daga ef foreldrar óska. Fyrir þau börn sem eru í sérkennslu verður sérkennslustjóri einnig í foreldraviðtalinu.

### **Vetri fagnað 23. október**

Nemendur og starfsfólk skólans halda uppá fyrsta vetrardag með diskó í salnum. 4 bekk boðið í heimsókn á Diskó og síðan fengu allir skúffuköku með hvítu kremi á eftir.

### **Dagar myrkurs 28. – 30. október**

Leikskólinn tekur þátt í dögum myrkurs með ýmsum uppákomum í leikskólanum.

### **Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember**

Elstu nemendurnir í leikskólanum vinna ákveðin verkefni tengd Jónasi Hallgrímssyni. Yngri nemendurnir á Krúdeild vinna myndir út frá ákveðnu ljóði. Börnin á Krummadeild skoða bækur og hlusta á sögur.

### **Jólabakstur / foreldrakaffi 8. – 11. desember**

Nemendur baka piparkökur dagana 8. - 10. desember og skreyta. Þann 11. desember bjóða þeir foreldrum í piparkökur og kaffi.

### **Litlu jólin 16. desember**

Litlu jólin verða haldin þann 16. desember. Þá dansa nemendurnir í kringum jólatréð og fá kannski einhvern gest í heimsókn sem er með pakka frá foreldrafélaginu.

**Foreldrafundur á deildum í janúar**

19. janúar á Kríudeild og 26. janúar á Krummadeild. Deildarstjórar hitta foreldra í létt spjall.

**Þorablót, 22. janúar / afa- og pabbakaffi**

Þorablót verður haldið þann 22. janúar og fá nemendurnir þorramat í hádeginu auk þess sem dansað er fyrir hádegismatinn. Gerðir eru víkingahattar og dansað með þá, síðan farið með þá heim. Börnin bjóða síðan karlkyns vini (getur verið pabbi, afa, frændi o.s.frv.) í kaffi kl.15:00 á bóndadaginn.

**Dagur leikskólans, 6. febrúar**

Þann 5. febrúar æltum við að bjóða fræðslunefnd og sveitarstjórn í morgunmat. Hengd verða upp listaverk um bæinn til þess að minna á okkur og starfið í leikskólanum. Einnig er dótadagur í leikskólanum, þá mega öll börn koma með eitt dót.

**Konudagur 24. febrúar**

Börnin bjóða kvenkyns vini (mamma, amma, frænka, systir o.s.frv.) í kaffi kl.15 föstudaginn 19. febrúar

**Bolludagur, sprengidagur og öskudagur 15, 16. og 17. febrúar**

Á bolludaginn er boðið upp á fiskibollur í hádeginu og rjómabollur í ávaxtatímanum kl. 10:00. Á sprengidag er borðað saltkjöt og baunir.

Á öskudaginn er öskudagssprell í leikskólanum þar sem nemendurnir mæta í grímubúningum eða furðufötum. Kötturinn er sleginn úr tunnunni og fá börnin eitthvað gott úr tunnunni. Síðan er haldið diskótek.

**Starfsdagur 22. febrúar**

Starfsdagur hjá starfsfólki leikskólans. Starfsfólk undirbýr foreldraviðtöl sem eru í mars. Leikskólinn lokaður þann dag.

**Foreldraviðtöl 8.-12. mars**

Foreldrar eru boðaðir í viðtal. Þeir mæta síðan og hitta deildarstjóra og ræða um barnið. Sérkennslustjóri verður með í þeim viðtölum þar sem barnið er í sérkennslu. Skólastjóri verður einnig til viðtals, þessa daga ef foreldrar óska.

**Útskrift elstu nemenda / Opið hús 20. maí**

Elstu nemendur leikskólans eru útskrifaðir úr leikskólanum. Þeir fá afhent skjal og blóm, auk þess sem þeir fá bókina "Að byrja í grunnskóla."

Að því loknu verður opið hús. Allir íbúar sveitarfélagsins eru velkomnir í heimsókn í leikskólann en þar fer fram sýning á verkum nemenda.

**Leikskólinn fer í sumarfrí 15. júlí**

Síðasti dagur leikskólans fyrir sumarfrí er 15. júlí og leikskólinn opnar aftur eftir sumarfrí fyrir börnin 17. Ágúst.

## Ýmsar hagnýtar upplýsingar

### Opnunar- og lokunartími

Leikskólinn opnar kl. 7:45 og er tekið á móti börnunum á báðum deildum leikskólans. Leikskólinn lokar kl. 16:15. Hægt er að kaupa 15 mín. fyrir og eftir vistunartíma barnsins og er sótt um það hjá skólastjóra.

### Dvalartími

Við upphaf leikskólavistar er gerður skriflegur samningur við foreldra um dvalartíma barnsins. Við biðjum foreldra um að virða þennan samning, því fjöldi starfsmanna fer eftir fjölda barna á hverjum tíma. Hægt er að sækja um breytingar á haustin, í janúar og á vorin.

### Barninu fylgt inn á deild / barn sótt

Mikilvægt er að barninu sé fylgt inn á sína deild og starfsmaður látinn vita þegar barn er sótt. Þetta er ekki síður mikilvægt þegar komið er með börnin eða þau sótt úti í garði.

### Veikindi / leyfi

Foreldrar eru beðnir um að láta starfsfólk vita um allar breytingar á mætingu barna, t.d. vegna veikinda eða leyfa. Leikskólinn er ætlaður heilbrigðum börnum. Fáir barn smitandi sjúkdóm verður það að dvelja heima, þar til smithætta er liðin hjá. Er þetta nauðsynleg ráðstöfun til að forðast útbreiðslu sjúkdóma í leikskólanum og sjálfsögð tillitsemi við önnur börn. Ef barn veikist á meðan það er í leikskólanum er hringt í viðkomandi foreldri og það látið sækja barnið. Starfsfólk leikskólans má ekki gefa börnunum lyf. Barn má vera inni í 2 daga eftir hitaveikindi að beiðni foreldra.

### Hverjir mega sækja barnið

Vinsamlegast látið vita ef einhver annar en foreldri sækir barnið. Ekki er leyfilegt að senda barn heim með yngra barni en 12 ára.

### Fataklefnn

Þar eru börnin hvött til að klæða sig sjálf, eftir getu og aldri. Þar er undir sjálfshjálpi, samhjálpi og tillitsemi. Því er svo mikilvægt að börnin séu í góðum og einföldum fötum. Markmið okkar er að þegar barn er á síðasta ári sínu í leikskólanum geti það klætt sig sjálft í útifatnaðinn.

### Leikföng að heiman

Ekki er leyfilegt að koma með leikföng að heiman nema á sérstökum dótadegi. Þá er leyfilegt að koma með eitt dót en þau verða að komast fyrir í hólfi barnsins. Leikskólinn reynir að hafa daga þar sem leyfilegt er að koma með dót, bækur, bangsa til dæmis yfir veturinn.

**Leikskólinn ber ekki ábyrgð á leikföngum sem barnið kemur með að heiman.**

### **Hreinlætisvenjur**

Við leggjum áherslu á hreinlæti við salernisnotkun og bleyjuskipti. Barnið þvær sér um hendur eftir salernisferðir, fyrir og eftir máltíð o.s.frv.

Meðan barnið notar bleyjur sjá foreldrar um að það hafi nægar til skiptanna. Þegar kemur að því að barnið geti byrjað að nota salernið er mikilvægt að foreldrar og starfsfólk sé sammála um áherslur og venjur því tengdu. Foreldrar taki ávallt fyrstu skrefin og þegar barnið er orðið nokkuð þjálfað í að vera bleyjulaust heima er kominn tími til að prófa líka í leikskólanum. Börnin þurfa að hafa næg föt til skiptanna á meðan þetta tímabil varir (nærbuxur, buxur, sokka) og munið að samfellur eru ekki hentug nærföt við salernisþjálfun.

Ef óhapp hendir barn er því tekið af skilningi. Barnið er aðstoðað við að þrifa sig og fá hreinan fatnað. Leikskólinn hvetur til notkunnar taubleyja.

### **Forföll starfsfólks**

Sú staða getur komið upp að starfsfólk forfallist. Þegar slíkt gerist er það leyst með forföllum og tilfæringum milli deilda, eins og hægt er. Þetta getur valdið því að ekki næsta að halda úti því daglega starfi sem gert er ráð fyrir. Öryggi barnanna er alltaf haft að leiðarljósi. Ráðnir eru starfsmenn inn í leikskólann sem sinna eingöngu forföllum en stundum dugir það ekki til. Ef allt annað bregst eru börn send heim.

### **Karellen**

Karellen er nýtt app og heimasíða leikskólans [www.bjarkatun.leikskolinn.is](http://www.bjarkatun.leikskolinn.is)

Foreldrar fá lykilorð inn á heimasíðuna og geta náð í appið í síman sinn. Þar geta þeir fylgst með mætingu, svefni, hvernig barnið borðar og daglegu skipulagi barnsins. Á hverjum föstudegi senda deildarstjórar vikupóst þar sem farið er yfir starfið síðustu viku og sagt frá því sem framundan er næstu viku á eftir.

## **Lokaorð**

Skólastarf í skólum landsins tekur sífelldum breytingum því er áætlun sem þessi í sífeldri endurskoðun og breytingu. Áætlunin er mikilvægt skjal til að halda utan um allt það góða starf sem fram fer í Leikskólanum Bjarkatún. Allar ábendingar um það sem betur má fara eru vel þegnar.

Guðrún S. Sigurðardóttir  
Leikskólastjóri